

Liebe Freunde, Opfer und Helfer.

Kæru vinir, fórnarlömb og hjálparhellur.

Wir haben die Leute auf dem Austurvöllur bewundert. Am Althing durfte ich einer von Euch sein!

Við höfum dáðst að fólkinu á Austurvelli. Ég fékk að vera einn af ykkur við Alþingishúsið!

Menschen wie du und ich, die etwas taten, auf die Strasse gingen, protestierten, das sind wahre Helden.

Venjulegt fólk eins og ég og þú, sem greip til aðgerða, fór út á göturnar og mótmælti, það eru hinar sönnu hetjur.

Ihr habt den Graben, der Menschen sonst leicht voneinander trennt, überbrückt.

Með þessu hafið þið brúað ókleifa gjá, sem annars hefði aðskilið okkur.

Während Island in der Krise versank, sind es die Menschen hier, die mir begegnen und Anteil nehmen, sich identifizieren an dem, was gewissenlose Banker hier und anderswo angerichtet haben.

Íslandi lá við hruni í kreppunni, en það sem mætti mér hér voru manneskjur sem sýndu skilning og ábyrgð og gerðu sér grein fyrir því hvernig samviskulausir bankamenn höfðu farið að ráði sínu hér sem annarsstaðar.

Ihr habt mir und vielen anderen deutschen Opfern Hoffnung und Zuversicht gegeben. Seid stolz.

Þið hafið gefið mér og mörgum öðrum þýskum fórnarlömbum von og tiltrú. Þið megið vera stolt.

Die Krise kam über Island wie das Fallbeil der Guillotine. Schnell und ultimativ.

Kreppan reið yfir Ísland eins og högg fallaxarinnar. Snögg og afgerandi.

Der kranke Kopf ist weg, es wird dauern bis ein neuer, gesunder nachgewachsen ist.

En æxlið er farið og með tíð og tíma munið þið ná fullum kröftum á ný.

Island hat eine Chance, es kann neu beginnen.

Ísland hefur mikla möguleika, það getur byrjað upp á nýtt.

Das Kartenhaus brach in einem einzigen Augenblick zusammen.

Hjá ykkur hrundi spilaborgin á augabragði.

In Deutschland bröckelt erst langsam die Fassade.

En í Þýskalandi er framhliðin byrjuð að molna niður hægt og bítandi

Deutsche und isländische Banker spielten gemeinsam im hot-pot und haben verloren.

Þýskir og íslenskir bankamenn spiluðu sama fjárhættuspilið og þeir töpuðu.

Deutsche Banken behalten einen Teil unserer Spareinlagen, verzögern für Monate die Auszahlung, und verlängern unser Leid.

Þýskir bankar hafa lagt hald á hluta af sparifé okkar, hafa tafið uppgjör til okkar um fleiri mánuði og þannig framlengt hörmungar okkar.

Deutschland versucht das alte System am Leben zu halten, die Krise mit geringer Neuordnung zu bestehen.

Þýskaland reynir að halda gamla kerfinu á lífi, það reynir að standa af sér kreppuna með lágmarksendurbótum.

Uns wird verschwiegen welchen Preis jeder Einzelne dafür zahlen wird. Ihr ahnt wie hoch dieser Preis ist.

Því er haldið leyndu fyrir okkur hvað þetta muni að lokum kosta hvern og einn. Þið hafið fengið smjörþefinn af þeim reikningi.

Wir leben in einem Zustand der durch rücksichtslose Gier und dem völligen Verlust von Moral und Anstand der Banker provoziert und hervorgerufen wurde.

Við búum við ástand, sem er framkallað og magnað af hömlulausri græðgi bankamannanna og algerum skorti þeirra á siðgæði og heiðarleika.

Kriminelle Machenschaften, Gier, Filz, Inkompetenz und Schweigen auf unsere Fragen haben unser Vertrauen zerstört.

Glæpsamlegar leikfléttur, græðgi, spilling, vanhæfni og þögnin sem mætir spurningum okkar hafa fyrirgert tiltrú okkar og trausti.

Man hält uns dumm, die Politik verweigert geschuldete Antworten.

Við erum álitin heimsk, pólitíkin víkur sér undan því að veita okkur þau svör sem hún skuldar.

Vertrauen hat Gerechtigkeit als übergeordnetes Gut, wer Vertrauen enttäuscht kann mit Fairness nicht mehr rechnen.

Réttlæti er forsenda þess að traust geti ríkt og sá sem fyrirgerir traustinu getur ekki búist við neinni tillitssemi.

Wir haben keine Rücksicht mit den Verursachern und Unterstützern der Krise.

Við viljum ekki sýna neina vægð þeim sem bera ábyrgð á kreppunni og hjálparkokkum þeirra.

Noch heute wird bei uns das Unrecht gedeckt.

Enn í dag er reynt að breiða yfir ranglætið hjá okkur.

Die Gangster, denen ich begegnet bin, trugen Anzug und Krawatte.

Þeir glæpamenn sem ég hef hitt, voru allir í jakkafötum og með bindi.

Und sie liefen über mich, euch, uns alle hinweg.

Og þeir völtuðu yfir mig, ykkur og okkur öll.

Sie haben genommen was anderen zusteht.

Þeir hafa sölsað undir sig það sem aðrir eiga.

Wir fordern gemeinsam die Kardinaltugend der Gerechtigkeit: Gib jedem das Seine zurück. Bis zur letzten Krone, zum letzten Cent.

Við sameinumst um sjálfsagða réttlætiskröfu: Skilið aftur eigum okkar. Upp að síðustu krónu, síðasta centi.

Es ist mir selbstverständliche Pflicht, und persönliche Verpflichtung, nicht eher aufzugeben, bis dieses Ziel erreicht ist.

Ég lít á það sem persónulega skyldu mína að gefast ekki upp, heldur halda baráttunni áfram þar til þessu hefur verið náð fram.

Wir sind die Opfer fehlgeleiteter Finanzwirtschaft, fehlender Kontrolle und zynischer Ignoranz mancher Volksvertreter.

Við erum fórnarlömb peningastefnu á villigötum, skorts á aðhaldi og eftirliti og skammarlegrar heimsku ýmissa kjörinna fulltrúa.

Wir werden uns stets daran erinnern, daß wir deutsche Kaupthing-Opfer das denen zu verdanken haben, die sich mit Kerzen, Demonstrationen, Liedern und Gebeten von einem System freigemacht haben, in dem sie nicht mehr leben wollten.

Við þýsku Kaupþings-fórnarlömbin munum alltaf minnast þess að við eigum því fólki mikið að þakka, sem með pottaglamri, kertaljósum, ljóðasöng og bænum braust undan kerfi sem það vildi ekki búa lengur við.

Ich bin sehr dankbar für diese Erfahrung, sie kann uns allen Mut machen.

Ég er ákaflega þakklátur fyrir þessa reynslu, hún hvetur okkur öll til dáða.

Ich wünschte wir hätten auch ein wenig Island in Deutschland. Nötig ist es.

Það væri óskandi að þessi íslenska hreyfing bærist líka til okkar í Þýskalandi. Á því er full þörf.

Mit tiefem Respekt bedanke ich mich auch im Namen vieler deutscher Opfer bei der Bevölkerung Islands.

Ég votta íslensku þjóðinni virðingu mína og færi henni þakkir mínar og margra annarra þjáningarsystkina minna í Þýskalandi.

Ich trage in meiner Brust ein klein wenig Island mit mir herum. Für immer. Danke.

Ísland hefur eignast stað í hjarta mínu og þaðan mun það aldrei hverfa aftur. Takk fyrir.